

Ed.

1102. Breytingartillögur

við frv. til l. um heimild fyrir ríkissjóð til að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 3. og 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):
 - a. (3. gr.) Í lok hvers mánaðar skal nefndin senda tollstjóra nákvæma skýrslu yfir allt efni, sem selt er, hvort heldur það hefur verið selt sem fasteign eða lausafé. Skal tollstjóri reikna af því tolla á sama hátt og öðrum innfluttum vörum og innkalla þá hjá nefndinni, eins og hún væri innflytjandi vörunnar.
 - b. (4. gr.) Sala og endursala á efni því, sem lög þessi kveða á um, skal háð verðlagseftirliti á sama hátt og aðrar vörur. Ber að taka tillit til þess, að efnið er gamalt og notað, þegar verðið er ákveðið.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Úrskurðum nefndarinnar má þó skjóta til aðgerða dómstólanna.
3. Við 5. gr. Á eftir meginmálgreininni komi ný málsg., svo hljóðandi:

Áður en 2 ár eru liðin frá gildistöku þessara laga, skulu allar þær fasteignir, sem hér um ræðir, hafa verið rifnar niður og allt jarðrask jafnað og grætt. Gildir þetta jafnt um þann hluta eignanna, sem ríkið kynni enn að eiga, sem hinn, er seldur hefur verið, og eins þótt eignir hafi verið fluttar til og reistar upp aftur í sama stíl. Undanþegin þessu ákvæði eru þó stór vöruheymsluhús eða önnur stórhýsi, enda hafi skipulagsstjóri ríkisins og byggingarnefndir hlutaðeigandi bæjarfélaga fallizt á, að byggingin mætti standa þar sem framtíðarbygging.